

Ályktun

Ályktun til ríkisstjórnarinnar um kjaramál aldraðra frá aðalfundi

Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, 20. febrúar 2010.

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni fordæmir þau vinnubrögð núverandi ríkisstjórnar Samfylkingar og VG að halda þeim hætti fyrri ríkisstjórnna að ráðast fyrst á kjör aldraðra, þegar gripið er til efnahagsráðstafana, eins og gert var við lagasetningu í júlí í sumar. Aldrei er jafnmikil þörf að verja velferðarkerfið eins og á krepputímum og verður að gera þá lágmarkskröfu til stjórnvalda að við framkvæmd slíkra ráðstafana sé gætt jafnræðis hvað varðar tímasetningu og íþyngingu slíkra ráðstafana. Með öllu er óþolandi að kjör skjólstæðinga almannatrygginga sé ævinlega efst á blaði þegar að kjaraskerðingum kemur og síðust, þegar kemur að leiðréttingum.

Aðalfundurinn mótmælir því að öldruðum skuli fyrirvaralaust hafa verið gert að taka á sig launalækkun frá 1. júlí sl., á sama tíma og laun þeirra launþega á vinnumarkaði, sem eru með laun undir 220 þús. kr. héldust óbreytt eða hækkuðu samkvæmt samningum og fengu aðra umsamda hækkun 1. nóv. Hingað til hefur verið viðurkennd venja að kjör aldraðra tækju mið af hækkun lægstu taxta eða almennri launaþróun. Boðuð launalækkun ríkisstarfsmanna er ekki sambærileg við launalækkun eldri borgara og óvíst hvort eða hvenær hún kemur til framkvæmda. Hér eru jafnræðissjónarmið þverbrotin og enn stefnt að gliðnun milli kjara launafólks og eftirlaunafólks.

Sama var uppi á teningnum um næstliðin áramót þegar $\frac{3}{4}$ eftirlaunafólks fengu aðeins helming af áunninni, lögbundinni verðlagsuppbót. Þá dró enn í sundur með launafólki og eftirlaunafólki.

Aðalfundurinn efar stórlega lögmæti þess að telja verðbætur vegna hárrar verðbólgu sem fjármagnstekjur og láta koma til skerðingar á lífeyri TR. Auk þess raskar þessi fáheyrða ráðstöfun öllum tekjuáætlunum eldri borgara, sem kallar á stórauðna skriffinnsku í kerfinu og eykur hættuna á því of- og vangreiðsluflóði, sem einkennt hefur starf TR á undanförunum árum.

Aðalfundurinn lýsir ánægju sinni með það ljós í myrkrunu að ákveðinn hefur verið lágmarks framfærslugrunnur eftirlaunafólks en bendir á að hann er alltof lágur og kemur aðeins 412 eftirlaunabegum að gagni. Aðalfundurinn bendir á að Hagstofa Íslands birti í des sl. nýja könnun um meðaltalsútgjöld heimilanna í landinu. Samkvæmt henni nema meðaltals útgjöld einhleypinga 297 þús. kr. á mánuði án skatta (framreiknaðar miðað við verðlagsbreytingar fram til des. 2009). Það er krafa Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni að lífeyrir hækki í þá fjárhæð, sem könnunin sýnir hverju sinni. Vegna yfirstandandi erfiðleika í efnahagsmálum þjóðarinnar telur aðalfundurinn að framkvæma megi slíka leiðréttingu á lífeyri í skýrt afmörkuðum áföngum á næstu þremur árum.